

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning Skagabyggðar

Balaskarð og Skrapatunga



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2012/123

Forsíðumynd: Varða landi Skrapatungu



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2012/123

INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	2
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	3
SKRAPATUNGA-SÖGUÁGRIP	4
FORNLEIFASKRÁNING	7
BALASKARÐ	19
FORNLEIFASKRÁNING	21
SAMANTEKT	40
MINJAR Í SKRAPATUNGULANDI	40
MINJAR Í BALASKARÐSLANDI	41
NIÐURLAG	42
HEIMILDASKRÁ	43

Inngangur

Haustið 2011 lauk fjórða áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Í eftirfarandi skýrslu er fornleifaskráning jarðanna Skrapatungu og Balaskarðs í Laxárdal. Auk þeirra voru skráðar jarðirnar Skúfur, Kirkjubær, Neðstibær, Skrapatunga, Balaskarð, Sæunnarstaðir, Vakurstaðir, Bergstaðir, Bláland, Hafursstaðir og Hafursstaðakot, Kambakot, Kjalarland og Hvammkot.

Um var að ræða heildarskráningu jarðanna þar sem fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Skagabyggðar og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráningin við jarðabók Johnsen frá 1847.

Heimilda- og vettvangsvinna auk skýrsluskrafa var í höndum Bryndísar Zoëga landfræðings.

Landeigendur fá þakkir fyrir aðstoð og leyfi til fornleifaskráningar. Signýju Gunnlaugsdóttur á Balaskarði, Helgu Guðmundsdóttur, Kristjáni Sigurðssyni og Ævari Þorsteinssyni í Enni þökkum við veittar upplýsingar og aðstoð á vettvangi.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...]. Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn í Skrapatungu númerið 1 (auðkennt Skrapatunga - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Skrapatunga - 1, 13446.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).



Mynd 1. Skrapatunga. Framkvæmdir standa yfir, m.a. viðgerðir á íbúðarhúsinu. Horft er til suðausturs.

Skrapatunga-söguágrip

Í Húnaþingi II er Skrapatungu svo lýst: „Bærinn stendur á bakka Laxár gengt brú. Er hann nyrzti bær á Laxárdal. Upp af bænum eru brattar brekkur, en ofar gnæfir Tunguhnjúkur dökkur og skriðurunninn. Gróður er fjölbreytilegur og sumarhagar góðir.“¹

Skrapatungu er fyrst getið í máldaga Auðunar rauða biskups fyrir Hólabiskupsdæmi árið 1318, þar segir að syngja skuli annan hvern helgan dag í Tungu.² Á lista yfir bænhús og hálfkirkjur í Húnavatnsspíngi frá 1461 segir að hálfkirkja í Skipatungum [Skrapatungu] sé „lítt standandi.“³ Jafnframt kemur Skrapatunga fyrir í máldaga Hólabiskups sem birtur er í Sigurðarregistri frá 1525 þá í eign biskupsstólsins.⁴

Ábúð

Skrapatunga virðist hafa verið í eyði 1703 en þá er enginn skráður þar til heimilis⁵ en 1708 er ábúandi sagður Bjarni Jónsson en eigandinn biskupsstóllinn á Hólum.⁶

¹ Húnaþing II, 130.

² Íslenzkt Fornbréfasafn II, 470.

³ Íslenzkt Fornbréfasafn IV, 354.

⁴ Íslenzkt Fornbréfasafn IX, 302.

⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 9. desember 2012.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 430 .

Í jarðabók frá 1708 segir: „Hjer segja menn áður hafi hálfkirkja verið, og stendur það hús enn, sem haldið er að kirkjan hafi staðið. Ekki hafa hjer tíðir veittar verið í manna minnum, og kunna nálægir hjer um ei framar að undirretta.“⁷ Í sóknalýsingu frá 1873 segir að bænhús hafi verið í Skrapatungu til forna.⁸

Í jarðabók frá 1708 er túninum svo lýst: „Túninu grandar vatnsuppgangur, sem sprettur upp úr jörðunni, jetur úr rótina og gjörir miklar grasleysumýrar víða í túninu. Engjunum spilla lækir úr brattlendi, sem bera í leysingum á þær grjót, aur og sand, so engið er þar fyrir meir en til helmínga ónýtt og eyðilagt. “Þar er jafnframt sagt að jörðin eigi afrétt á Mjóadal, Gulltungur, Bárðardal og allan Ambáttardal og er það metið á 10 hundruð.⁹ Um það segir prestur í sóknalýsingu frá 1873: „[...] en auk þess er henni eignað afréttarland, að fornu talið 10 hndr., sem ávallt hefur verið byggt sér, þó að nú sé sami leiguliði heimalandsins og afréttarinnar.“¹⁰ Elsta heimild er getur afréttalandsins er Vitnisburðarbréf frá 1471 þar sem vottað er að Skrapatungu ætti: „[...] allan Mjóvadal fyrir austan fram Mjóvadalsá, Gulltungur, Bárðardal og Ambáttardal til móts við Þverá í Norðrárdal.“¹¹

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Skrapatunga	1686 ¹²	Hólastóll	30	1,5	6
Skrapatunga	1696 ¹³	Hólastóll	30	1,5	5
Skrapatunga	1708 ¹⁴	Hólastóll	30	1,6	5
Skrapatunga	1847 ¹⁵	Bændaeign	30	1,3	5
Skrapatunga	1861 ¹⁶	-	19	-	-

Fornbýli og sel

Draflastaðir

Í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar eru nefndir Draflastaðir í Skrapatungulandi en ekki sagt hvenær þeir fóru í eyði.¹⁷ Um býlið segir í sóknalýsingu frá 1873: „Austanvert við Tunguhnjúk var hjáleigan Draflastaðir, og var talið Draflastaða land frá Múrgili ofan til Klofasteina.“ Ágreiningur hefur verið um land sunnan Norðurár að því er kemur fram í lýsingunni: „Neðstabæjar eigendur hafa viljað ná því undan og talið, að það mundi ranglega komið undir Tungu, en sá ágreiningur útkljáðist svo, að Neðstibær fékk ítök til beitar sumar

⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 430.

⁸ Sýslu- og sóknalýsingar I. bindi, 135.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 430.

¹⁰ Sýslu- og sóknalýsingar I. bindi, 135.

¹¹ Íslenskt Fornbréfasafn V, 612.

¹² Björn Lárusson (1967), 240.

¹³ Sama.

¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 430.

¹⁵ Jarðatal á Íslandi, 246.

¹⁶ Ný jarðabók, 91.


¹⁷ Ólafur Olavíus, 285.

og vetur fyrir ákveðna tölu fjár og gripa og á þar að auki heimting á beit fyrir meiri pening gegn umsaminni borgun.“¹⁸

Skrapatungusel

Í sóknalýsingu er getið um sel á Mjóadal þar segir: „Neðarlega á dalnum [Mjóadal] austanverðum er Skrapatungusel (tóttir) gagnvart Mánaskálarseli að vestan.“¹⁹

Í dómsbréfi um svokallað Mjóadalsmál frá 1472 kemur fram að þáverandi Hólabiskup hafi kært Þorstein Ormsson fyrir að beita og hafa í seli í Mjóadal austanverðum enda taldi biskup það Skrapatungueign. Fjórir menn voru leiddir til vitnis og: „Sór þat enn fyrste ath selför var höfð fra skrapatungu fyrir austan æna í miofvadæl ok var þa reiknud eign jardarennar í skrapatungu ok þetta sama visse hann haft ok halldit upp a halfan fiorda taug vetra ath skrapatunga ætti miofuadal fyrir austan ána.“ Sama ár dæmdi biskup í málinu og féll þannig að staðfest var að Skrapatunga ætti austanverðan Mjóadal.“²⁰ Óvíst er hvort að fyrrnefndur Þorsteinn hafi notað eldra sel frá Skrapatungu eða hvort að tvö eða fleiri sel séu á austanverðum Mjóadal.



Mynd 2. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Skrapatungu. Einungis eru sýndar þær minjar sem eru á túnakortinu þó aðrar minjar geti verið í og við tún.

¹⁸ *Sýslu- og sóknalýsingar I. bindi*, 135.

¹⁹ *Sýslu- og sóknalýsingar I. bindi*, 137.

²⁰ *Íslenskt Fornbréfasafn V*, 677-680.

Fornleifaskráning



Skrapatunga-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1920 er bærinn syðst og austast í túninu. Hann stóð þar sem íbúðarhúsið stendur í dag og er því horfinn. Samkvæmt eiganda jarðarinnar komu byggingaleifar í ljós þegar framkvæmdir voru við planið við húsið (Munnleg heimild: Benedikt S. Þórisson 01.07.11).

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati frá 1916-18 segir: „Hús, sem jörðunni fylgja eru mjög lélegir og litlir torfkofar og fjós yfir 6 kýr, þó á ábúandi nokkuð af baðstofunni og fjósinu (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 14.03.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Skrapatunga nr. 249).

Skrapatunga-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1920 er bærinn syðst og austast í túninu. Hann stóð þar sem íbúðarhúsið stendur í dag og er því horfinn. Á sama túnakorti má sjá að fjós hefur verið skammt norðaustan bæjarins, nú horfið. Árið 1945 þegar Helga Guðmundsdóttir flutti í Skrapatungu stóð fjósið ofan við bæ (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir 21.03.2012). Samkvæmt

eiganda jarðarinnar komu byggingaleifar í ljós þegar framkvæmdir voru við planið við húsið (Munnleg heimild: Benedikt S. Þórisson 01.07.11). Punktur var tekinn af hnituðu túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.



Mynd 3. Skemmuveggurinn, hlaðinn úr streng. Horft er inn dalinn til austurs.

er líklega úr vegggleðslu. Samkvæmt Helgu Guðmundsdóttur var þarna skemma þegar hún flutti í Skrapatungu 1945 og síðar var byggður lítill hesthúskofi við hana. Skemman er að líkindum byggð eftir aldamótin 1900 en hún hefur verið hlaðin úr torfi og grjóti og er því skráð með herna.

Skrapatunga-4

Sérheiti: Draugatóft?

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst í túni, um 160m NNA af íbúðarhúsinu er fjárhústóft.

Lýsing

Hún er 17x20m að utanmáli og snýr austur/vestur. Þetta hafa verið þristæð fjárhús með hlöðu eða heytóft til norðurs. Þrennar dyr hafa verið á húsunum og snúið mót norðri. Steyptar plötur eru á gördum en veggir torf- og grjóthlaðnir og sér í

hleðslur á nokkrum stöðum en annars er tóftin gróin. Grjóthlaðnir veggir í miðtóft standa sæmilega. Bárujárn hefur verið á þaki og stendur þak enn á miðtóft en er annars hrunið. Mesta hæð veggja er um 80sm og mesta breidd um 2m. Steinsteyp t fjarbað er í tóftinni og bárujárn af þaki og timbur úr húsgrindinni. Framan (sunnan) við tóftina stendur stakur vegghluti. Í örnefnaskrá er sagt að fjárhús nyrst í túni hafi heitið Draugatóft (ÖJÓB, 2) en heimildamenn könnuðust ekki við það nafn á fjárhúsunum (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir og Kristján Sigurðsson, 21.03.2012). Því er óvíst hvort að um rétt hús sé að ræða.



Mynd 4. Draugatóft? Fjárhústóft efst í túni. Horft er til suðurs yfir Laxá og er íbúðarhúsið á Skrapatungu lengst til vinstri á mynd.

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati frá 1916-18: „[...] og fjárhús yfir 120 sauðfjár og hesthús yfir 7 hross, alt torfhús, sum óstæðileg.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 14.03.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Skrapatunga nr. 249).

Skrapatunga-5

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 170m VNV af íbúðarhúsinu í Skrapatungu er fjárhústóft. Hún er byggð að vestanverðu inn í háan hól og er rabarbaragarður upp við hana að austan. Girðing liggur þvert yfir hólninn.

Lýsing

Húsin eru hrunin en eru undir þaki sem stendur að hluta. Hugsanlega tvístæð garðahús með steyptri plötu á garða. Bárujárn á þaki sem hefur verið tyrft yfir en annars eru húsin hlaðin úr torfi og grjóti. Heytóft eða hlaða er til norðausturs en ekki er þak á henni. Hæð veggja er mest um 1,5m og breidd 2m. Ekki er ólíklegt að eldri minjar leynist í hólnum sem tóftin er byggð inn í en hann er í allt um 20-30m að utanmáli. Samkvæmt heimildamönnum heyrðu þau alltaf talað um hólninn sem Hulduhól en hans er getið í örnefnaskrá. Annar hól var þó vestan hans, nú að mestu horfinn vegna malartöku, og vildu heimildamenn ekki útiloka að það hafi verið hinn eiginlegi Hulduhóll (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir og Kristján Sigurðsson, 21.03.2012).

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati 1916-18: „[...] og fjárhús yfir 120 sauðfjár og hesthús yfir 7 hross, alt torfhús, sum óstæðileg.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 14.03.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Skrapatunga nr. 249).

Í örnefnaskrá segir: „Suður af breiðinni [átt er við Sláttubreið] neðst er Hulduhóll og ofan við hann er Svartamýri (álagablettur, mátti ekki slá).“ (ÖJÓB, 2).

Skrapatunga-6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðan og vestan við gamla túnið og á smá kafla austan við er garðlag, leifar túngarðs.

Lýsing

Það er alls um 240m langt og liggur í boga vestan og norðan við gamla túnið og stuttur bútur er austan þess. Garðlagið er grasi gróið, mesta hæð er um 70sm og breidd mest rúmlega 1m. Skurður er meðfram garðlaginu utanverðu.



Mynd 5. Til hægri á myndinni sést garðlagið/vegurinn sem nær nokkurn veginn að túngarðinum og beygir síðan til vinstri. Horft er heim að bæ til suðausturs.

algróið, mest um 3ja m breitt, 50-120sm hátt og rúmlega 100m á lengd.

Skrapatunga-7

Hlutverk: Óþekkt, vegur, garðlag?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðan og vestan við gamla túnið eru leifar túngarðs og utan við hann er garðlag eða upphlaðinn vegur.

Lýsing

Hlutverk er óvíst en annað hvort virðist vera um garðlag, mögulega gamlan túngarð eða upphlaðinn veg að ræða. Það er í tveimur hlutum sem liggja nokkurn veginn frá vestri til austurs upp með túngarðinum. Garðlagið er þýft,

Skrapatunga-8

Sérheiti: Bæjarlækur

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lækur

Staðhættir

Bæjarlækurinn var vatnsból bæjarins fram yfir miðja 20. öld.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var hella yfir bæjarlæknum sem vatnið rann fram af (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir, 21.03.2012). Hellan er nú horfin og lækurinn stíflaður þar sem vatnið var áður tekið. Punktur var tekinn eftir ábendingu heimildamanns.

Skrapatunga-9

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti má sjá að heimreiðin lá til austurs og síðan til suðurs frá bænum.

Lýsing

Þarna er nú vegur, heimkeyrslan að húsinu í dag og ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni. Hnit voru tekin af hnitsettu túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Skrapatunga-10

Sérheiti: Svartamýri

Hlutverk: Álagablettur


Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var álagabletturinn innan túngarðsins þar sem hann sveigir frá suðri til austurs. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir, 21.03.2012).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður af breiðinni [átt er við Sláttubreið] neðst er Hulduhóll og ofan við hann er Svartamýri (álagablettur, mátti ekki slá).“ (ÖJÓB, 2).



Skrapatunga-11

Hlutverk: Nátthagi

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á gróinni eyri við Laxá um 550m VNV af íbúðarhúsinu í Skrapatungu eru garðlög og tóftir.

Lýsing

Á brekkubrún ofan eyrarinnar er garðlag, það liggur meðfram brúninni að austan og norðaustan. Það nær frá árbakkanum í suðri í boga til vesturs og er um 70m langt, 40-70sm hátt og mest um 2m á breidd. Garðlagið er breiðara og herra til austurs en mjókkar í átt frá ánni til norðvestur. Það er að hluta eða að öllu leyti hlaðið úr grjóti og sér í grjót í vegg en að öðru leyti er hann gróinn. Garðlagið er rofið á köflum. Samkvæmt heimildamanni var þetta nefnt Nátthagi (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir, 21.03.2012).

Aðrar upplýsingar

„Í örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir suðvestan Tungutaglsenda heitir Nátthagi við Laxá, [...]“.“ (ÖJÓB, 2).

Skrapatunga-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft?

Staðhættir

Á gróinni eyri við Laxá um 550m VNV af íbúðarhúsinu í Skrapatungu er garðlag (nr. 11) og innan við það (vestan við) um 15m norður af árbakka Laxár er mögulega tóft.

Lýsing

Veggjalög virðast vera upp við garðinn að vestan, hugsanlega tvískipt tóft en vesturhluti er mjög ógreinilegur og gæti verið náttúrulegur. Veggir eru þýfðir 30-70sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Tóftin er nánast algróin en þó sér í grjót í vegg.

Skrapatunga-13

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grónum hvammi við Laxá um 550m VNV af íbúðarhúsinu í Skrapatungu er tóft. Hún liggur innan við 10m frá árbakkanum.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur í stefnuna austur/vestur. Hlið hefur snúið til suðurs eða suðvesturs og innangengt er á milli króar og réttar. Tóftin er gróin en það sér í grjóthleðslur í veggjum. Gólf króar stendur um 20-30sm hærra en í réttinni. Veggir eru þýfðir, 30-60sm háir og veggjabreidd rúmlega 1m. Tóftin stendur á smá hól sem er um 10m í þvermál og er líklega byggð á eldri minjum.

Skrapatunga-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í grónum hvammi við Laxá um 550m VNV af íbúðarhúsinu í Skrapatungu er stekkjartóft (nr. 12) og norðvestan við hana er þýft svæði, mögulega leifar mannvirkis.

Lýsing

Svæðið er 6x10m að ummáli, þýft í annars sléttara umhverfi. Ekki er hægt að greina form á þúfunum en þær skera sig að nokkru úr umhverfinu og þarna gætu verið leifar mannvirkis.



Mynd 6. Upphlaðinn vegslóði við Laxá. Horft er fram dalinn til ASA.

hafa verið hreinsað úr honum á kafla og liggur þar meðfram veginum. Samkvæmt heimildamönnum var þarna reiðvegur áður og tók Ævar það fram að kerruvegur hefði verið lagður fram Laxárdalinn og legið meðfram Laxá (Munnleg heimild: Ævar Þorsteinsson, 13.03.12 og Helga Guðmundsdóttir, 21.03.2012).

Skrapatunga-15

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið, hleðsla

Staðhættir

Meðfram Laxá, vestan við bæinn á Skrapatungu er vegur, á kafla upphlaðinn.

Lýsing

Vegurinn, alls um 480m langur, liggur sunnan eða neðan malarborins akvegar. Breidd hans er um 2m og hæð mest um 70sm þar sem hann er upphlaðinn. Vegslóðinn rofnar á nokkrum stöðum og er ekki alls staðar upphlaðinn, grjót virðist

Skrapatunga-16

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lítt grónum mel um 660m VNV af íbúðahúsinu í Skrapatungu er varða.

Lýsing

Hleðslan er um 30sm há og 70x70sm að grunnmáli. Hún er ekki hlaðin upp heldur er nokkrum steinum hrúgað upp við stærri stein.



Mynd 7. Hleðsla nr. 16 í forgrunninn. Horft er heim að bæ til SA.



Mynd 8. Hleðsla nr. 17 í forgrunninn. Horft er heim að bæ til SA.

Skrapatunga-17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lítt grónum mel tæplega 700 VNV af íbúðahúsinu í Skrapatungu er varða.

Lýsing

Hleðslan er um 50sm há og 1,25x1,5m að grunnmáli.

Skrapatunga-18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir


Sunnarlega á svonefndum Langa-hrygg í Norðurárdal, rúma 70m upp af Norðurá er varða.

Lýsing

Hún er um 70sm há og 1,5x1,5m að grunnmáli. Eilítið er hrúnið úr henni. Lítið gróður er á melnum en gróið næst vörðunni.



Mynd 9. Horft eftir Langahrygg til NA.



Skrapatunga-19

Sérheiti: Draflastaðir?

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á lítið hallandi grasi gróinni grund, sunnan Norðurár um 330m ASA af íbúðarhúsinu á Neðstabæ er tóft og við hana þúst. Fornleifarnar eru mögulega leifar býlis sem nefndist Draflastaðir.

Lýsing

Tóftin er 5x9m að utanmáli og snýr NV/SA. Hún er tví- eða þrískipt. Veggir eru jarðsokknir, 20-30sm háir og mest um 1m á breidd. Þeir eru algrónir og að nokkru komnir í þúfur. Hlutverk er óþekkt en útlit minnir á gripahús þótt ekki sé hægt að útiloka annað nema með frekari rannsókn. Tóftin stendur á lágri upphækkun og er mögulega byggð á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir neðan (vestan) Múrhrygg er Draflastaðaflói. Þaðan skammt vestur er eyðibýlið Draflastaðir, sem eru mjög fornar rústir.“ (ÖJÓB, 2).

Skrapatunga-20

Sérheiti: Draflastaðir?

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á lítið hallandi grasi gróinni grund, sunnan Norðurár um 330m ASA af íbúðarhúsinu á Neðstabæ er tóft (nr. 19) og við hana þúst. Fornleifarnar eru mögulega leifar býlis sem nefndist Draflastaðir.

Lýsing

Þústin er um 4m í þvermál og 20-30 hátt. Hún er algróin og að nokkru þýfð. Engir innveggir eru greinanlegir. Beint vestur af tóftinni er niðurgröftur u.þ.b. 20-30sm djúpur og um 3x4m að utanmáli.

Skrapatunga-21

Sérheiti: Draflastaðir?

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í grasi gróinni brekku, rúmlega 50m suðaustur af tóft nr. 19 er niðurgröftur. Fornleifarnar tengjast mögulega leifum býlis sem nefndist Draflastaðir.

Lýsing

Hann er um 70sm djúpur og tæplega 1x1,5m að utanmáli. Grjót er í honum, hugsanlega leifar hleðslu.



Mynd 10. Þústin á skurðbakkanum. Horft er til SSA.

Skrapatunga-22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á norðan verðum skurðbakka, ofan við austasta enda túnanna, um 130m vestur af merkjum milli Skrapatungu og Balaskarðs er þúst.

Lýsing

Þústin liggur neðan undir brekku og er algróin grasi, 40-50sm há og 4x6m að utanmáli. Hlutverk og aldur er óviss en

mögulegt er að hún geti verið til komin af framkvæmdum við skurðinn.

Skrapatunga-23

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skammt sunnan við túnið eru Réttareyrar. Þar stóð Skrapatungurétt, en er nú flutt á Ármótaeyri.“ (ÖJÓB, 2).

Lýsing

Réttin var torfhlaðin en hún er nú komin undir veg (Heimildamenn Signý Gunnlaugsdóttir og Ævar Þorsteinsson). Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu Signýjar, rúmlega 420m ASA af Skrapatungubænum og gera má ráð fyrir allt að 30sm skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í sýslu og sóknalýsingum frá 1873 segir: „Á Skrapatungu var bænhús til forna. Nú er þar aðalrétt allrar Höskuldsstaðsóknar, og stendur hún skammt fyrir innan Skrapatungu við Laxá.

Pangað sækja og margir Langdælir. Réttin er gjörfallin að kalla, og vilja margir færa hana eitthvað“ (Sýslu- og sóknalýsingar I, 135).

Skrapatunga-24

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var kláfur yfir Laxá, nokkurn veginn þar sem brúin er núna um 40m suðvestur af íbúðarhúsinu í Skrapatungu (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir, 21.03.2012).

Lýsing

Kláfurinn var í notkun fram um miðja 20. öld þar til brúin var gerð og var notaður við smíði brúarinnar (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir, 21.03.2012). Punktur var tekinn af loftmynd við brúna og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Skrapatunga- 25 (Kirkjubær- 38)

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabók frá 1708 segir: „Móskurður á Mjóadal til eldiviðar hefur áður verið, meinast nú gjöreyddur.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 430).

Lýsing

Ekki er búið að skrá Mjóadal í heild en hann verður skráður sumarið 2013. Mógrafir (sjá Kirkjubær nr. 38) fundust hinsvegar við mynni dalsins sem nú tilheyrir landi Kirkjubæjar. Mögulega er um sömu mógrafir að ræða og nefndar eru í jarðabókinni. Mógrafarsvæðið er um 4500m² og mest um 1,5m að dýpt.

Skrapatunga-26

Hlutverk: Kirkja, bænhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Ekki er vitað hvar kirkjan stóð en algengt er að kirkjur hafi staðið nálægt bæ. Því má gera ráð fyrir að hafi bæjarstæðið ekki færst hafi kirkjan verið nálægt núverandi bæjarstæði.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá 1708 segir: „Hjer segja menn áður hafi hálfkirkja verið, og stendur það hús enn, sem haldið er að kirkjan hafi staðið. Ekki hafa hjer tíðir veittar verið í manna minnum, og kunna nálægir hjer um ei framar að undirjetta.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 430).

Skrapatunga-27

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við lækinn hét Fjósvöllur. Ofan varið hann er Hesthúshóll (...)“ (ÖJÓB, 2).

Lýsing

Heimildamaður mundi eftir húsunum sem nú eru horfin en nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Hesthúshóll er nokkuð hár og er um 100m norðaustur af bæ.

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati frá 196-18 segir: „[...] og fjárhús yfir 120 sauðfjár og hesthús yfir 7 hross, alt torfhús, sum óstæðileg.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 14.03.2012. Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Skrapatunga nr. 249).

Skrapatunga-28

Sérheiti: Gamlarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við lækinn hét Fjósvöllur. Ofan varið hann er Hesthúshóll, þar ofar gömlu Réttarmóar, þar ofar Gamlarétt,...“ (ÖJÓB, 2).

Lýsing

Tóftir fundust ekki á þessu svæði við skráningu 2011 og heimildamenn höfðu ekki heyrt getið um réttina (Munnleg heimild: Helga Guðmundsdóttir og Kristján Sigurðsson, 21.03.2012).

Skrapatunga-29

Sérheiti: Skrapatungusel

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í sóknalýsingu er getið um sel á Mjóadal þar segir: „Neðarlega á dalnum [Mjóadal] austanverðum er Skrapatungusel (tóttir) gagnvart Mánaskálarseli að vestan.“²¹

Lýsing

Ekki var farið í Mjóadal sumarið 2012 en stefnt að því að klára skráningu þar 2013.

Skrapatunga-30

Sérheiti: Draflastaðir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir neðan (vestan) Múrhrygg er Draflastaðafloi. Þaðan skammt vestur er eyðibýlið Draflastaðir, sem eru mjög fornar rústir.“ (ÖJÓB, 2).

²¹ Sýslu- og sóknalýsingar I. bindi, 137.

Lýsing

Fornleifar nr. 19-21 hafa mögulega tilheyrt býlinu Draflastöðum en þar virðist ekki vera um híbýlatóft að ræða og engin slíkt fannst við vettvangsskráningu.

Balaskarð



Mynd 11. Horft er heim að bæ til SSA.

Í Húnaþingi II segir um Balaskarð: „Bærinn stendur niður undan samnefndu skarði sunnan Tunguhnjúks og norðan Laxárdalsfjalla. Jörðin er landmikil og eru sumarhagar þar með ágætum. Gott til ræktunar. Snjóþungt á vetrum og gjafasamt.“²²

Balaskarðs er fyrst getið í máldögum Hóladómkirkju sem birt er í Sigurðarregistri frá 1525.²³

Ábúð

Á 19. öld er að jafnaði tví- eða þríbýlt á Balaskarði, 23 skráðir til heimilis þegar mest er árið 1870, en í lok aldar eru mun færri skráðir þar til heimilis. Fjórir árið 1890 aðeins einn árið 1901.²⁴

Í jarðabók frá 1708 er túni svo lýst: „Túninu grandar lækur, sem rennur úr bröttu fjalli og ber sand og grjót á völinn til stórskaða. Engjunum spilla smálækir, sem renna úr brattlendi, og bera á þær grjót og sand.“²⁵

²² Húnaþingi II, 131.


²³ Íslenzkt Fornbréfasafn IX, 302.

²⁴ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 9. desember 2011.

²⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 429.

Í sóknalýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 segir: „En það er ætlun manna, að Balaskarð hafi að fornu átt land yfir fjall ofan í Mjóadal að suðaustan og úr fyrirnefndri skál ofan í Norðurárdal um Barð að norðvestan, en nú er Kirkjubæ í Norðurárdal eignað það land.“²⁶

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Balaskarð	1686 ²⁷	Hólastóll	20	1	5
Balaskarð	1696 ²⁸	Hólastóll	20	1	5
Balaskarð	1708 ²⁹	Hólastóll	20	1	5
Balaskarð	1847 ³⁰	Bændaeign	20	1	5
Balaskarð	1861 ³¹	-	16,3	-	-



Mynd 12. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Balaskarðs. Einungis eru sýndar þær minjar sem eru á túnakortinu þó aðrar minjar geti verið í og við tún.

²⁶ Sýslu- og sóknalýsingar I, 134.

²⁷ Björn Lárusson (1967), 240.

²⁸ Björn Lárusson (1967), 240.

²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 429.

³⁰ Jarðatal á Íslandi, 246.

³¹ Ný jarðabók, 91.

Fornleifaskráning

Balaskarð-1

Sérheiti: Balaskarð

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Heimreiðin lá af Sigurlaugareyrinni yfir mýrina og grundina heim að „Skálanum“. Það var gömul venja, því þar sunnan við lækinn hafði gamli bærinn staðið. Síðan voru hestarnir skildir eftir sunnan við lækinn (á skálahlaðinu), gengið yfir brúna og heim að húsinu. Nú hefir húsið [verið rifin], en verið byggt á nýjum stað, svo nú er ekki lengur riðið [fram]fram því heim á hlaðið.“ (ÖPJ, 6).

Lýsing

Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu gamla bæjarins en heimildamaður taldi að hann hefði verið sunnan lækjar, líklega áfastur fjósinu. Þegar fjósið var klætt þá fundust leifar sem gætu verið úr gamla bænum, m.a. prjónað stykki (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12). Punktur var tekinn við fjósið og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.



Mynd 13. Reykkofi á Balaskarði. Veggir hússins eru grjóthlaðnir og eru grunnur gamla bæjarins.

Balaskarð-2

Sérheiti: Gamlikjallarinn

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hús

Staðhættir

Gamli bærinn stóð um 25m norðaustur af íbúðarhúsinu, norðan bæjarlækjar.

Lýsing

Kjallarinn stendur enn, grjóthlaðinn undir bárujárnsþaki og er notaður sem reykkofi í dag. Á bak við reykkofann er hóll, algróinn. Mesta hæð veggja er um 1m og breidd er mest um 2m. Samkvæmt

heimildamanni var húsið líklega byggt um 1904. Íbúðarhúsið sem nú stendur var byggt 1944 og voru notaðar hurðir og fleira úr gamla bænum. Eftir það var gamla húsið notað sem köld geymsla en seinna sem reykkofi (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn stendur utan við Lækinn, en fjósið og skálinn (skemman) að sunnanverðu.“ (ÖPJ, 6). Úr Fasteignamati 1916-1918: „Íbúðarhús 10x7 ál. með 1 ál porti og kjallara hlöðnum úr grjóti 8x5 ál. Kjallarinn í einu lagi, óþiljaður. Á stofuhæð eru 2 herbergi og forstofa, alt þiljað, á lofti 2 herbergi þiljuð. Skarsúð er á húsinu úr tommu borðum. Útveggir eru að hálfu úr timbri og pappaklæddir, en að hálfu úr torfi og þak úr torfi. Hús þetta nokkuð gamalt og timburveggir farnir að fúna, sömuleiðis skarsúðin, sérstaklega á vesturhlíð. Múrpípa er í húsinu, frá kjallaragólfi. Skemma til geymslu“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).

Balaskarð-3

Sérheiti: Efrigarður/Trjágarður

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er kálgarður suðvestan við gamla bæinn.

Lýsing

Þar er nú afgirtur trjágarður og meðfram girðingunni að suðaustan er rabarbari. Utanmál garðsins er um 10x15m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir framan húsið var rófugarður með þrem reyniviðarhríslum syðst.“ (ÖPJ, 6). Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: „Á milli þessara húsa er garður með trjáhríslum, rabarbara og fleira, en hægt að ganga á milli, bæði hjá húsinu og kjallaranum. Þessi garður er nefndur Efrigarður eða Trjágarður.“ (ÖGE, 3)



Mynd 14. Kálgarður var þar sem afgirtur trjáreit er í dag. Sjá má rabarbara meðfram girðingunni og það glittir í íbúðarhúsið á bak við trén. Horft er til vesturs.

Balaskarð-4

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1920 má sjá að heimreiðin lá frá skálanum (sjá hér að neðan), sunnan bæjarlækjar, yfir lækinn og síðan til austurs yfir túnið. Í dag liggur hún meðfram bæjarlæknum að sunnan. Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 10-20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Heimreiðin lá af Sigurlaugareyrinni yfir mýrina og grundina heim að „Skálanum“. Það var gömul venja, því þar sunnan við lækinn hafði gamli bærinn staðið.“ (ÖPJ, 6).



Mynd 15. Torf- og grjóthlaðinn veggur til vinstri og lengra í burtu sér í steinsteypant vegg. Horft er fram Laxárdal til suðurs.

og mesta breidd er 2m. Torf- og grjóthlaðnir veggir er að nokkru gróinn grasi en allar hleðslur sjást greinilega. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn stendur utan við Lækinn, en fjósið og skálinn (skemman) að sunnanverðu.“ (ÖPJ, 6). Úr Fasteignamati frá 1916-1918: „Ennfremur peningshús yfir 5 nautgr., 160 sauðfjár og 26 hross, svo og heyhlaða yfir 200 hb. heys, -þessi hús flest góð hús.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).

Balaskarð-6

Sérheiti: Skálinn

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Tóftaleifar

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá að sambyggt fjós, hesthús og skemma voru sunnan bæjarlækjar og standa veggir enn að hluta.

Lýsing

Húsin hafa legið norður/suður og er svæðið í dag um 6x26m að utanmáli. Hluti veggja sem enn standa eru hlaðnir úr torfi og grjóti en aðrir hlutar eru steinsteypdir þar sem að yngri hlaða stóð. Mesta hæð veggja er 1m og mesta breidd er 2m. Torf- og grjóthlaðnir veggir eru að nokkru grónir grasi en allar hleðslur sjást greinilega. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn stendur utan við Lækinn, en fjósið og skálinn (skemman) að sunnanverðu.“ (ÖPJ, 6). Úr Fasteignamati frá 1916-1918: „Ennfremur peningshús yfir 5 nautgr., 160 sauðfjár og 26 hross, svo og heyhlaða yfir 200 hb. heys, -þessi hús flest góð hús.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 26.03.2012).

Balaskarð-5

Hlutverk: Fjós

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá að sambyggt fjós, hesthús og skemma voru sunnan bæjarlækjar og standa veggir enn að hluta.

Lýsing

Húsin hafa legið norður/suður og er svæðið í dag um 6x26m að utanmáli. Hluti veggja sem enn standa eru hlaðnir úr torfi og grjóti en aðrir hlutar eru steinsteypdir þar sem að yngri hlaða stóð. Mesta hæð veggja er 1m

Balaskarð-7

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Hleðsla

Staðhættir


Á túnakorti frá 1920 má sjá að sambyggt fjós, hesthús og skemma voru sunnan bæjarlækjar og standa veggir enn að hluta.

Lýsing

Húsin hafa legið norður/suður og er svæðið í dag um 6x26m að utanmáli. Hluti veggja sem enn standa eru hlaðnir úr torfi og grjóti en aðrir hlutar eru steinsteypdir þar sem að yngri hlaða stóð. Mesta hæð veggja er 1m og mesta breidd er 2m. Torf- og grjóthlaðnir veggir eru að nokkru grónir grasi en allar hleðslur sjást greinilega. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn stendur utan við Lækinn, en fjósið og skálinn (skemman) að sunnanverðu.“ (ÖPJ, 6).



Balaskarð-8

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túni, tæpa 100m ASA af íbúðarhúsinu er fjárhústóft.

Lýsing

Hún snýr NV/SA og hafa dyr snúið mót norðvestri. Tóftin er tví- eða þrískipt, gripahús, með garða, heytóft eða hlaða hefur verið til

suðausturs. Hlaðan/heytóftin virðist geta verið tvískipt en þriðja hólfið hefur mögulega myndast af hruni úr vegg. Veggir eru grasi grónir, 20-60sm háir og mest um 1,5m á breidd. Samkvæmt heimildamanni stóðu húsin fram til 1969 eða 1970. Heimildamann minnti jafnframt að járn hefði verið á þaki hússins. (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).



Mynd 16. Gömlu fjárhúsin stóðu framan við fjárhúsin á myndinni, nokkurn veginn þar sem er óslegið á myndinni. Horft er til NA.

Balaskarð-9

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hleðsla

Staðhættir


Suðvestan (framan) við fjárhúsin, um 40m norðvestur af íbúðarhúsinu eru leifar fjárhústóftar.

Lýsing

Búið er að rífa húsin en grjótkantur er greinanlegur, mögulega leifar af framenda hússins og út frá honum er um 15x15m svæði sem virðist vera leifar hússins.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er fjárhús í túninu vestur af bænum og norðan heimreiðar.



Balaskarð-10

Sérheiti: Brekkuhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fremst á brekku ofan við túnið er fjárhústóft.

Lýsing

Hún er 13x13m að utanmáli og snýr austur/vestur og dyr hafa snúið til suðurs en heytóft eða hlaða til norðurs. Innangengt hefur

verið af görðum inn í heytóftina/hlöðuna. Veggir eru 50-170sm háir og mest um 2m á breidd. Grjóthlaðnir veggir og garðar standa vel en hleðslur eru að miklu leyti grasi grónar. Timburþil hefur verið til suðurs en grjóthlaðinn kantur er framan við húsið. Hlaðan er dýpri en tóftin og þar eru veggir um 150-170sm háir.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er á túnakorti frá 1920 rétt utan við túnjaðar gamla túnsins. Í örnefnaskrá segir: „Utan og ofan við túnið var Litli-Melur, strýtumyndaður lítill melur beint út af Brekkuhúsunum.“ (ÖPJ, 3). Í yngri örnefnaskrá segir: „Á bak við Brekkuhúsin, sem nú eru bara rústir, er hvammur, [...]“ (ÖGE, 2).



Mynd 17. Horft frá Brekkuhúsunum til vesturs í átt að Hólnum.

Balaskarð-11

Sérheiti: Litli-Melur

Hlutverk: Leikvöllur

Tegund: Hóll

Staðhættir

Um 120m norðvestur af íbúðarhúsinu og rétt rúmlega 40m vestur af Brekkuhúsunum (nr. 10) er strýtumyndaður hóll, grasi gróinn.

Lýsing

Engin ummerki sjást eftir leik barna en punktur var tekinn á hólnum eftir lýsingu úr örnefnaskrá.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Litli-melur út af Brekkuhúsunum er alltaf nefndur Hóllinn. Hann er nú grasi gróinn. Þar hefur lengi verið stundaður búskapur með horn og leggi, af börnum og alltaf talað um að fara út á Hól.“ (ÖGE, 1).

Balaskarð-12

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæpum 30m ofan (norðan) við fjárhúsin og um 25m neðan (sunnan) við Brekkuhúsin (nr. 10) er tóft.

Lýsing

Hún er þrískipt og liggur í stefnuna NA/SV. Tvennar dyr hafa að líkindum verið, aðrar til norðausturs og hinar til suðurs. Veggir eru algrónir fyrir utan nokkra rofbletti. Þeir, eru 40-80sm háir og mest um 1,5m breiðir. Við suðvestur enda tóftarinnar er lágur hóll eða þúst. Heimildamaður vissi ekki hvers konar hús hefðu verið þarna (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12) en þau hafa að líkindum verið komin úr notkun fyrir 1920 því þau eru ekki á túnakorti frá þeim tíma.





Mynd 18. Mógrafirnar á miðri mynd og bæjarhúsin á Balaskarði í baksýn. Horft er til suðurs inn Laxárdal.

Balaskarð-13

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 260m norður af íbúðarhúsinu eru mógrafir og við þær mótóftir.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 800m², mest um 1m að dýpt og grasi grónar.

Balaskarð-14

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 260m norður af íbúðarhúsinu eru mógrafir og við þær mótóftir.

Lýsing

Við suðvestur horn mógrafanna er þúst, grasi og mosa gróin. Hún er 10-20sm há.



Mynd 19. Þúst, mótóft, við mógrafarsvæði nr. 13. Horft er til suðurs fram Laxárdal og sér í bæjarhúsin á Balaskarði í baksýn.

Balaskarð-15

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 260m norður af íbúðarhúsinu eru mógrafir og við þær mótóftir.

Lýsing

Við norðvesturhorn mógrafanna er grasi gróin og þýfð þúst. Hún er 20sm há og 2x3m að utanmáli.



Balaskarð-16

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst á grónum hól, rúmlega 40m norður af mógröfunum (nr. 13) er tóft. Hún liggur um 5m vestur af girðingu.

Lýsing

Tóftin liggur NA/SV og er 6x9m að utanmáli, dyr hafa verið og snúið mót suðvestri. Veggir eru lágir, mest um 30sm háir og breidd veggja er mest um 1,5m. Þeir eru hrundir og hlaupnir í þúfur.

Balaskarð-17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í gróinni brekku, tæplega 30m norðvestur af mógröfunum (nr. 13) og um 320m SSV af íbúðarhúsinu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV og skiptist í 4-6 hólf. Dyr eða hlið sem virðast vera a.m.k. 6 hafa flest snúið mót norðvestri og suðaustri en eitt til suðurs. Veggir eru komnir í þúfur og virðast nokkuð gamlir en þeir eru um 30-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Tóftin er 9x10m að utanmáli.



Mynd 20. Tóft nr. 18 er fyrir miðri mynd á mörkum túns og óræktar. Horft er til vesturs.

Balaskarð-18

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 330m VNV af íbúðarhúsinu, norðan túna er hleðsla, mögulega tóft.

Lýsing

Í hleðslunni stóð rafmagnsstaur sem búið er að fjarlægja (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12) og mögulegt að hleðslan sé tilkomin af raski þegar staurinn var settur niður. Þó virðist hleðslan vera umfangsmeiri en svo að hún sé eingöngu

þannig tilkomin og gæti staurinn hafa verið settur ofan í tóft. Meint tóft er 5x8m að utanmáli og liggur NV/SA og virðast vera dyr mót suðaustri. Hún er algróin grasi og mosa og veggir þýfðir. Þeir eru 20-50sm háir og mest um 2m á breidd.

Balaskarð-19

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?



Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 300m VNV af íbúðarhúsinu, norðan túna er tóft, mögulega heytóft.

Lýsing

Tóftin er um 10m í þvermál, veggir 30-60sm háir og mest um 2m á breidd. Hún er algróin grasi og mosa og stórbýfð.



Balaskarð-20

Hlutverk: Óþekkt, heytóft, torfþurrkun?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í móa um 500m norðvestur af íbúðarhúsinu og um 40m suðaustur af Torfmel er tóft.

Lýsing

Tóftin er 6x7m að utanmáli og virðast vera dyr til austurs. Veggir eru 20-40sm háir og rúmlega 1m á breidd, algrónir og þýfðir.

Balaskarð-21

Sérheiti: Torfmelur/Torfholt

Hlutverk: Torfþurrkun

Tegund: Heimild

Staðhættir

Torfmelur eða Torfholt er rúmlega 600m norðvestur af bæ.

Lýsing

Engin ummerki sjást um torfþurrkun en punktur var tekinn á melnum samkvæmt ábendingu heimildamanns (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Efst í Skriðuflóanum og Skriðufætinum var oft rist heytorf. Það var flutt til þerris á langan og lágan mel sunnan við Skriðuna neðst. Af því var hann kallaður Torfmelur.“ (ÖPJ, 3). Í annarri örnefnaskrá segir: „Við köllum það alltaf Torfholt...[Þar er átt við Torfmel].“ (ÖGE, 1)



Mynd 21. Horft yfir hleðsluna til suðvesturs.

Balaskarð-22

Sérheiti: Vörðumelur

Hlutverk: Óþekkt, kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir


Á melhól rúmlega 400m norðvestur af íbúðarhúsinu er hleðsla.

Lýsing

Hún er um 0,7x1,2m að utanmáli og um 10sm há, nokkuð regluleg að lögun en að hluta gróið yfir hana. Mögulega grunnur vörðu sem að sem nefnd er í örnefnaskrá.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Melinn sem hann nefnir Kollóttamel köllum við Vörðumel, dregið af vörðu, sem stóð á honum. Mig minnir að ég hafi heyrt, að afi minn hafi hlaðið þessa vörðu eftir að hann fluttist hingað með foreldrum mínum, en ég er ekki alveg viss.“ (ÖGE, 1)



Balaskarð-23

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 750m vestur af íbúðarhúsinu er tóft, suður undir þjóðveginum.

Lýsing

Tóftin er 5x5m að utanmáli og snýr nokkurn veginn norður/suður. Norðurhluti er að hluta horfinn, mögulega vegna vegagerðar. Veggir eru

algrónir og stórpýfðir, 50-60sm háir og mest um 1,5m á breidd.

Balaskarð-24

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?

Tegund: Tóft


Staðhættir

Á áreyrum Laxár, um 700m vestur af íbúðarhúsinu og um 50m sunnan þjóðvegjar er mögulega tóft.

Lýsing

Meint tóft er 5x7m að utanmáli, veggir eru þýfðir, 20-50sm háir og rúmlega 1m á breidd.

Hún er algróin, að mestu slétt að innan en umhverfið er þýft. Óvíst er hvort um náttúrulegt fyrirbæri sé að ræða eða mannvirki.



Balaskarð-25

Hlutverk: Heytóft


Tegund: Tóft, þúst

Staðhættir

Á áreyrum Laxár, rúmlega 470m vestur af íbúðarhúsinu og um 10m sunnan þjóðvegjar er tóft eða þúst.

Lýsing

Tóftin/þústin er um 5x5m að utanmáli, algróin og þýfð. Mikill gróður er umhverfis og nokkuð erfitt að greina tóftina þess vegna. Veggir eru um 20sm háir og rúmlega 1m á breidd.



Balaskarð-26

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á áreyrum Laxár um 380m VSV af íbúðarhúsinu er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur norður/suður og er um 45m langt. Það er algróið og um 30-40sm hátt og mest um 40sm breitt. Efnið í garðlagið hefur að líkindum

verið tekið vestan með því.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Eyrar þessar [átt er við eyrnarar við Laxá] voru oftast slegnar árlega, eða nokkuð af þeim, því oft var veitt vatni á þær úr smálækjum ofan úr flóanum.“ (ÖPJ, 2). Og í annarri skrá segir: „Um þau mið [átt er við Stekkjarbörðin] rennur Stekkjarlækurinn, og niðurá Mýrina utan við túnið. Á veturna var hann notaður til að brynna fé og hrossum fyrir utan túnið, því hann fraus ekki, en á vorin var hann notaður til áveitu á Flæðin.“ (ÖPJ, 3).

Balaskarð-27

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á áreyrum Laxár um 380m VSV af íbúðarhúsinu er garðlag (nr. 26) og rúmlega 20m vestan þess eru fleiri garðlög sem líklega mynda eina heild og eru því skráð saman.


Lýsing

Garðlögin liggja frá norðri til suðurs en liggja í sveigjum. Þau eru alls 38m á lengd og 20-40sm há. Mesta breidd er 50sm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Eyrar þessar [átt er við eyrnarar við Laxá] voru oftast slegnar árlega, eða nokkuð af þeim, því oft var veitt vatni á þær úr smálækjum ofan úr flóanum.“ (ÖPJ, 2). Og í annarri skrá segir: „Um þau mið [átt er við Stekkjarbörðin] rennur Stekkjarlækurinn, og

niðurá Mýrina utan við túnið. Á veturna var hann notaður til að brynna fé og hrossum fyrir utan túnið, því hann fraus ekki, en á vorin var hann notaður til áveitu á Flæðin.“ (ÖPJ, 3).



Balaskarð-28

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Hættumat. Mikil hættu vegna landbrots af völdum Laxár

Staðhættir

Á norðurbakka Laxár, í Balaskarðslandi eru leifar réttar sem áður tilheyrði Mýrarkoti, eyðibýli sem liggur gegnt Balaskarði, sunnan ár.

Lýsing

Aðeins hlutar réttarinnar eru eftir, 12x14m að utanmáli. Veggir eru um 60sm háir og mest um 2m á breidd. Þeir eru grónir en mikið rofnir en áin hefur á einhverjum tíma runnið sunnan við tóftina.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni rann Laxá áður norðar og nær veginum og tilheyrði landið sem réttin stendur á

Mýrarkoti sem stóð sunnan ár. Í dag tilheyrir landið Balaskarði (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir 27.03.12).

Balaskarð-29

Sérheiti: Undireyrarbarð

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Undireyrin, sem nær allt að Balaskarðsá, var aldrei slegin. Álög hvíldu á henni, og þó sérstaklega Undireyrarbarðinu (-brekkunni). Þá áttu að misfarast skepnur hjá þeim, sem hirti heyið.“ (ÖPJ, 2).

Lýsing

Punktur var tekinn á brún Undireyrarbarðsins.

Balaskarð-30

Hlutverk: Óþekkt, varnargarður?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Við Balaskarðsá um 400m SSA af íbúðarhúsinu er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er tæplega 25m langt og liggur frá suðaustri til norðvestur. Það er um 30-40sm hátt og mest rúmlega 1m á breidd, nokkuð stórþýft, algróið og virðist nokkuð gamalt. Heimildamaður kannaðist ekki við garðlagið en taldi helst að það hefði verið varnargarður (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Balaskarð-31

Sérheiti: Hóllinn

Hlutverk: Öskuhóll


Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan verðu við lækinn var Hóllinn (myndaður úr ösku). Hann er nú að mestu eyddur til áburðar á túnið.“ (ÖPJ, 6).

Lýsing

Búið er að slétta úr Hólnum og hann sést því ekki lengur á yfirborði. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.



Balaskarð-32

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 400m í hánorður frá bænum við svonefnd Stekkjarbörð eru stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 8x9m að utanmáli og snýr króin til norðurs en réttin til suðurs. Hlið hefur verið á réttinni til norðausturs en hvorki er

greinanlegt hlið yfir í krónna né út úr henni. Veggir eru grasi og mosa grónir, hlaupnir í stórar þufur sem eru 20-60sm háar og mest um 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður af Breiðunum eru Stekkjarbörðin. Nyrst í þeim er Stekkurinn. Þau ná suður að Bæjarlæk.“ (ÖPJ, 3).



Mynd 22. Mógrafirnar fyrir miðri mynd, horft er til SV.

Balaskarð-33

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norður og norðaustur af bænum eru hólar/melar og mýrar á milli og þar, um 500m norðaustur af bænum eru mógrafir.


Lýsing

Mógrafirnar eru um 1100m² og mest um 1,5m á dýpt. Þær eru vel greinilegar og enn er vatn í þeim á köflum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Syðst á Stekkjarbörðunum er Rauðimelur og ofan við hann Litli-melur, báðir notaðir til að þurrka á þeim mó, því mikil mótekja var þar ofan við. Sumt af mónum var þurrkað á svokallaðri Mógrund, sem er utanvert við mógrafirnar.“ (ÖPJ, 3-4). Í yngri

örnefnaskrá segir: „Rauðamel og Litlamel köllum við Efri- og Neðri-Móhóla. Þar var alltaf þurrkaður mór á meðan hann var notaður til eldsneytis. Ofan við melana er mómýri. Í henni eru mógrafirnar. Þar þótti mjög gott mótak.“ (ÖGE, 2)



Balaskarð-34

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norður og norðaustur af bænum eru hólar/melar og mýrar á milli og þar, um 500m norðaustur af bænum, eru mógrafir (nr. 33) og á grónum hól tæplega 30m norður af þeim er mótóft.

Lýsing

Tóftin er um 3,5m að þvermáli, algróin og þýfð og eru veggir

nokkuð hrundir inn. Hæð veggja er 20-30sm og breidd um 1m.

Balaskarð-35

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norður og norðaustur af bænum eru hólar/melar og mýrar á milli og þar, um 500m norðaustur af bænum eru mógrafir (nr. 33) og um 60m vestur af þeim er mótóft.

Lýsing

Tóftin er rúmlega 3x3m að utanmáli, algróin og þýfð. Veggir eru 20-50sm háir og um 1m á breidd.

Balaskarð-36

Hlutverk: Óþekkt, Mótóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Norður og norðaustur af bænum eru hólar/melar og mýrar á milli og þar, um 500m norðaustur af bænum eru mógrafir (nr. 33) og efst á grónum melhól, um 80m suðvestur af þeim er tóft.

Lýsing

Tóftin er 2,5x3m að utanmáli með dyr til vesturs. Veggir eru 10-30sm háir og að nokkru komnir í þúfur. Tóftin er algróin. Hlutverk er óvíst en tóftin er ekki langt frá mógröfum og því möguleiki að þetta sé mótóft.





Mynd 23. Meintar leifar tóftar á mel ofan bæjar. Horft er til SV.

Balaskarð-37

Hlutverk: Óþekkt, Mótóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Norður og norðaustur af bænum eru hólur/melar og mýrar á milli og þar, um 500m norðaustur af bænum eru mógrafir (nr. 33) og á mel er rúmlega 100m suðvestur af þeim er þúst, mögulega uppblásin tóft.

Lýsing

Efst á melnum eru þúfur og rofkantar sem gætu verið uppblásnar leifar tóftar. Meintir

veggir eru um mest um 20sm háir en engir innveggir greinanlegir.

Balaskarð-38

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir


Á milli tveggja aflangra mela, tæplega 700m norðaustur af bænum eru mógrafir.

Lýsing

Flatarmál er um 360m² og grafirnar á bilinu 40-70sm djúpar.



Mynd 24. Horft yfir mógrafirnar til austurs.



Balaskarð-39

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á gróinni flöt norður af Balaskarðsá, tæplega 900m ANA frá Balaskarði er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 5x10m að utanmáli og snýr NNA/SSV. Hlið hafa verið á norðaustur og suðaustur horni. Tóftin er algróin, veggir 30-60sm háir og mesta breidd rúmlega 1m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Suður frá Mónum liggur laut eða breið. Þegar kemur suður fyrir Bæjarlæk heitir hún Þverlaut. Hún nær allt að Stekkjarlæk (er það annar

lækur með sama nafni en sá, sem rennur um Stekkjarbörðin utan og neðan við Mó) en hann

kemur ofan af Urðum og rennur í gegn um Hvörfin, og með háum foss fellur hann í Balaskarðsá, rétt neðar en Grijótskálarlækur að sunnan.“ (ÖPJ, 4). Í annarri örnefnaskrá segir: „Sést þar vel fyrir rústum af stekk á sléttri grund við Balaskarðsárgilið.“ (ÖGE, 2).

Balaskarð-40

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Rétt um 140m NNA af íbúðarhúsinu á Balaskarði og 50m austur af fjárhústóft nr. 10, eru tvær tóftir.

Lýsing

Efri eða nyrðri tóftin liggur austur/vestur, 4x5m að utanmáli og mögulega hafa dyr verið við báða enda. Tóftin virðist gömul, veggir eru rofnir, þýfðir og algrónir, þeir eru mest um 20sm háir og 1m á breidd.



Balaskarð-41

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Rétt um 140m NNA af íbúðarhúsinu á Balaskarði og 50m austur af fjárhústóft nr. 10, eru tvær tóftir.

Lýsing

Neðri eða syðri tóftin snýr austur/vestur, 4x6m að utanmáli og virðast dyr hafa snúið til vesturs. Tóftin virðist gömul, algróin grasi og mosa. Veggir eru jarðsokknir, 10-30sm há hæð og mest um 1m á breidd.



Balaskarð-42

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Í túninu 90m suður af íbúðarhúsinu er hóll eða bunga, 13m í þvermál, og í hana dæld sem er 10-15sm djúp. Hugsanlega hefur verið þarna eitthvert mannvirki sem hefur horfið við túnasléttun en jafnframt getur þetta verið náttúruleg myndun.

Aðrar upplýsingar

Mögulegt er að um sé að ræða leifar húsa sem nefndar eru í örnefnaskrá: „Rústir eftir hús voru neðst í túninu bæði að utan og sunnan við lækinn, en engar sögur fylgdu þeim.“ (ÖPJ, 6).

Balaskarð-43**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hóll**Staðhættir og lýsing**

Í túninu 100m SSV af íbúðarhúsinu er hóll, 50-60sm hár og rúmlega 7m í þvermál. Hugsanlega hefur verið þarna eitthvert mannvirki sem hefur horfið við túnasléttun en jafnframt getur þetta verið náttúruleg myndun.

Aðrar upplýsingar

Mögulegt er að um sé að ræða leifar húsa sem nefndar eru í örnefnaskrá: „Rústir eftir hús voru neðst í túninu bæði að utan og sunnan við lækinn, en engar sögur fylgdu þeim.“ (ÖPJ, 6).

Balaskarð-44**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Dældir, heimild**Staðhættir**

Í túnjaðrinum um 225m SSA af íbúðarhúsinu í Balaskarði hafa komið upp hleðslur samkvæmt heimildamanni (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Lýsing

Þegar vettvangsskráning fór fram sumarið 2011 var túnið nýlega slegið og sáust nokkrir steinar sem hugsanlega gætu verið úr vegghleðslum og á milli þeirra mótaði fyrir dældum. Svæðið er um 7x11m að utanmáli en ekki verður fullyrt hvort um mannvirki sé að ræða nema með frekari rannsókn.

Balaskarð-45**Hlutverk:** Áveita**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Á vorin rann lækur eftir tröðinni og niður á túnið. Hann var leiddur í skurði neðan við Hólinn í bæjarlækinn.“ (ÖPJ, 6).

Lýsing

Skurðurinn fannst ekki við skráningu 2012.

Balaskarð-46**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Ofan við túnið og að sunnan lá öflugur túngarður.“ (ÖPJ, 6).

Lýsing

Túngarðurinn er nú horfinn og man heimildamaður ekki eftir honum (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Balaskarð-47**Hlutverk:** Náttthagi**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Á milli bæjarlæksins og traðarinnar ofan við bæinn er Dagsláttan. Nokkur hluti hennar var stundum kallaður Litla-Dagsláttan. En það mun hafa verið gamall náttthagi, því hún var girt lágum torfgörðum allt um kring.“ (ÖPJ, 6).

Lýsing

Þarna hefur tún verið sléttað og engin garðlög sjást þarna í dag. Heimildamaður mundi ekki eftir garðlögum (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Balaskarð-48**Sérheiti:** Gamlahesthús**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Gamlahesthústún var syðst og efst í horninu á túninu.“ (ÖPJ, 6).

Lýsing

Húsin eru horfin og vissi heimildamaður ekki hvar þau höfðu staðið (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Balaskarð-49**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Gamlahesthústún var syðst og efst í horninu á túninu. Þar neðar Suðurtún. Þar stóðu elztu fjárhúsin (sauðahúsin).“ (ÖPJ, 6).

Lýsing

Húsin eru horfin og vissi heimildamaður ekki hvar þau höfðu staðið (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Balaskarð-50**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Rústir eftir hús voru neðst í túninu bæði að utan og sunnan við lækinn, en engar sögur fylgdu þeim.“ (ÖPJ, 6).

Lýsing

Húsin fundust ekki við skráningu og hafa að líkindum horfið við túnasléttun. Þó er möguleiki að átt sé við minjar sem skráðar eru nr. 42 og 43 sem eru í sléttu túni sunnan bæjar.

Balaskarð-51**Sérheiti:** Tröðin**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan við skálann, lá gömul gata, Tröðin, upp fyrir tún.“ (ÖPJ, 6). Í annarri örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan fjósið er slétta, sem afmarkast af læknum að norðan, brekkunum að austan, fjósinu að vestan og lægð, þar sem gamla gatan lá heim.“ (ÖGE, 2).

Lýsing

Tröðin sést ekki lengur í sléttu túninu en samkvæmt heimildamanni mun hún að líkindum hafa legið í átt að Kúalaut, í gegnum hana og upp í Efstukúalaut (Munnleg heimild: Signý Gunnlaugsdóttir, 27.03.12).

Samantekt

Alls voru skráðar 82 minjar upp úr heimildum og á vettvangi, þar af eru staðsettar minjar í Balaskarðslandi 44 og 24 í Skrapatungulandi. Flestar minjanna eru hefðbundnar búsetuminjar frá 19. og 20. öld s.s. gripahús, stekkir og mógrafir svo eitthvað sé nefnt. En einnig finnast leifar eldri minja eins og hugsanlegar minjar býlisins Draflastaða í Norðurárdal. Fornleifar eru nokkuð vel varðveittar á jörðunum en hlutfall horfinna minja er samtals 13% sem er frekar lágt.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar horfnar minjar*	Óskráðar minjar	Hlutfall horfinna/- óstaðsettra minja
Balaskarð	51	5	7		14%
Skrapatunga	30	5	4	1	13%
Alls	82	10	11	2	13%

Minjar í Skrapatungulandi

Íbúðarhús var reist þar sem gamli bærinn stóð og sér ekkert eftir af honum, en leifar skemmu (nr. 3) eru skammt norðaustur af húsinu. Túngarður (nr. 6) er glöggur norðan og vestan við túnið og smá bútur að líkindum austan þess. Utan við túngarðinn er upphlaðinn garður eða vegur (nr. 7). Nyrst í túninu er fjárhústóft (nr. 4) og vestast er önnur fjárhústóft (nr. 5) sem byggð er inn í hól sem nefndur er Hulduhóll. Eru þá taldar minjar í og við tún. Vestan við merki milli Balaskarðs og Skrapatungu er þúst (nr. 22) mögulega leifar mannvirkis. Kerruvegur var á einhverjum tíma lagður fram Laxárdal og sjást leifar hans (nr. 15) meðfram Laxá, neðan þjóðvegur, hann er upphlaðinn á kafla. Vegurinn liggur ofan við gróinn hvammm sem nefndur er Náthagi. Garðlag (nr. 11) er ofan hans að austan og norðaustan og ekki er óhugsandi að hann hafi upphaflega girt hvamminn af. Innan við garðlagið virðist vera tóft (nr. 12) og greinilega stekkjartóft (nr. 13) er ofan í hvamminum á árbakka Laxár. Norðvestan við hana er þúst, mögulega tóftaleifar (nr. 14). Á lítt grónum melkollum norður af Náthaga og ofan (norðan) vegar eru tvær vörður (nr. 16 og 17). Á svonefndum Langahrygg sem liggur meðfram Norðurá að austan er varða (nr. 18). Nyrst í Skrapatungulandi, Norðurárdalsmegin er tóft (nr. 19) og við hana þústir (nr. 20), hugsanlega leifar mannvirkis. Ofar í brekkunni (suðaustar) er niðurgröftur. Minjarnar gætu tilheyrt býlinu Draflastöðum sem heimildir eru um að hafi verið á þessum slóðum. Aðrar minjar fundust ekki á Draflastöðum en þess verður að geta að tóftirnar eru nálægt Norðurá sem hefur grafið sig töluvert inn í árbakkann og mögulegt að einhverjar minjar hafi horfið við landbrot.

Minjar í hættu

Engar minjar eru taldar í sérstakri hættu í landi Skrapatungu en þess ber að geta að framkvæmdir eru á jörðinni, m.a. á gamla bæjarhólnum og minjar í jörðu gætu orðið fyrir raski af þeirri ástæðu. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Minjar í Balaskarðslandi

Gamli bærinn (nr. 2) stóð ofan við núverandi íbúðarhús og er kjallari hans, sem búið er að setja á þak, er notaður sem reykhus. Eldri bær (nr. 1) stóð að líkindum austan við bæjarlækinn en hann er nú horfinn. Þar eru nú leifar fjóss (nr. 5). Í túninu austur af íbúðarhúsinu er fjárhústóft (nr. 8) og það mótar fyrir húsgrunni annars fjárhúss (nr. 9) norðvestan bæjarhúsanna. Norður af bænum er tóft (nr. 12) og fjárhústóft (nr. 10), Brekkuhús, upp á brekkunni þar fyrir ofan. Vestan hennar er hóll sem var leikstaður barna (nr. 10). Eru þá taldar minjar innan túns. Fjöldi minja er utan túns og um 600m vestnorðvestur af bænum er Torfmelur eða Torfholt (nr. 21) en þar var þurrkað torf og eilítið austar er lítil tóft (nr. 21). Lítil hleðsla, mögulega leifar vörðu eru á Vörðumel sem er rúma 400m norðvestur af bænum. Tvennar tóftir eru ofan túna (nr. 18 og 19), mögulega heystæði. Um 250m norður af bænum eru mógrafir (nr. 13) og norðan þeirra mótóft (nr. 15) og önnur sunnan við (nr. 14). Norður og norðvestur af mógröfinni eru tvennar tóftir (nr. 16 og 17). Önnur mógröf (nr. 33) eru um 500m norðaustur af bænum, fernar mótóftir eru við þær, ein að norðan (nr. 34), ein að vestan (nr. 35) og tvær nokkuð suðvestan við (nr. 36 og 37). Þriðja mógrafarsvæðið (nr. 38) er tæpum 200m austar en þar fundust engar mótóftir. Tæplega 900m norðaustur af bænum, vestan Balaskarðsár er stekkjartóft (nr. 39). Þá eru taldar minjar ofan þjóðveggar. Upp við veginn að sunnan, um 750m vestur frá bænum er tóft (nr. 23), hugsanlega heystæði, önnur er þar suðaustan við (nr. 24). Þúst (nr. 25) er neðan við þjóðveginn tæplega 400m vestur af bænum og austan hennar eru áveitugarðar (nr. 26 og 27) á svonefndum Flæðum. Á árbakka Laxár, rúmlega 400 suðvestur af bænum eru leifar réttar (nr. 28) sem var frá Mýrarkoti, hún lenti í Balaskarðslandi þegar áin breytti um farveg. Undireyrarbarð var álagablettur (nr. 29) en það liggur sunnan vegar. Norðan við Balaskarðsá, rétt rúma 400m suður af bænum er garðlag (nr. 30), hugsanlega einhverskonar varnargarður. Stekkjartóft er við Stekkjarbarð um 400m í hánorður frá íbúðarhúsinu. Í fjallinu norðaustur af bænum og norðan bæjarlækjar eru mógrafir (nr. 33 og 38) og mótóftir (nr. 34-38) þar sem mórinn var geymdur og þurrkaður. Tæpa 900m norðaustur af bænum, við Balaskarðsá er stekkjartóft (nr. 39). Ofan bæjar og ofan túns eru tvennar tóftir sem virðast fremur gamlar (nr. 40 og 41) og tveir hólar í túninu suður af bænum (nr. 42 og 43) þar sem hafa staðið mannvirki sem nú eru að mestu horfin vegna túnasléttunar. Sunnar og austar sést í grjót og dældir (nr. 44) á milli þeirra í túninu og þar hafa fundist veggheðslur sem eru í dag illgreinanlegar vegna túnasléttunar.

Minjar í hættu

Rétt nr. 28 er í hættu vegna landbrots en hún hefur þegar laskast vegna landbrots af völdum Laxár. Í dag rennur áin í rúmlega 30m fjarlægð frá tóftunum en eldri farvegur liggur þétt sunnan við minjarnar. Aðrar minjar á Balaskarði eru ekki taldar í sérstakri hættu. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University. Lund, 1967.

Íslenzkt Fornbréfasafn II 1253-1350. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt Fornbréfasafn V 1330-1476. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.

Íslenzkt fornbréfasafn IX 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1909-1913.

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1897.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn, 1926.

Húnaþing II. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga o.fl. Akureyri, 1978.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útgefandi: J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maí mánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan. Kaupmannahöfn, 1861.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnavatnssýsla. Hið íslenska bókmenntafélag. Akureyri, 1950.

Ólafur Olavíus. *Ferðabók, I. bindi. Landshagir í norðvestur- norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Heckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Bókfellsútgáfan. Reykjavík, 1964.

Óprentaðar heimildir

(ÖJÓB) Skrapatunga. Jón Ól. Benónýsson skrifaði eftir Finni Guðmundssyni 1961. Örnefnastofnun Íslands.

(ÖPJ) Balaskarð. Landamerki og örnefni árið 1920. Páll Jónsson skráði 1952. Örnefnastofnun Íslands.

(ÖGE) Balaskarð. Athugasemdir og viðbætur. Geirlaug og Elsa Ingvarsdætur skráðu. Örnefnastofnun Íslands.

Balaskarðstún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík.

Skrapatungutún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík.

Heimasíður

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>.

Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Balaskarð nr. 248.

Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Skrapatunga nr. 249.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>.

Heimildamenn

Signý Gunnlaugsdóttir (f. 1967), bóndi Balaskarði.

Helga Guðmundsdóttir (f. 1930) flutti í Skrapatungu 15 ára að aldri.

Kristján Sigurðsson (f. 1930).

Benedikt S. Þórisson (f. 1960) eigandi Skrapatungu.

Fylgiskjöl

Skrapatunga hnitaskrá

Nr	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur til	Aldur frá	Ástand	Orsök	Hættumat	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	13446	Skrapatunga	heimild	híbyli		1800	1900	sést ekki	bygginga		0.0	0.0	447856	581378
2	13447	Skrapatunga	heimild	fjós		1800	1900	sést ekki	bygginga		0.0	0.0	447875	581390
3	13448		hleðsla	skemma		800	1900	illgreinanleg	niðurrifs		0.0	1.6	447882	581393
4	13449	Draugatóft	tóft	fjárhús		1850	1950	vel greinanleg		engin hætt	0.0	0.8	447801	581549
5	13450	Hólhús, Hulduhóll	tóft	fjárhús		1850	1900	vel greinanleg		engin hætt	0.0	1.5	447687	581436
6	13451		garðlag	túngarður		1800	1950	vel greinanleg		engin hætt	0.0	0.7	447784	581577
7	13452		garðlag	óþekkt	vegur, garðlag	1500	1900	vel greinanleg		engin hætt	0.5	1.2	447704	581567
8	13453	Bæjarlækur	lækur	vatnsból		800	1950	heillegar			0.0	0.0	447891	581388
9	13454		heimild	heimreið		800	1950	sést ekki	ekki vitað		0.0	0.0	447876	581369
10	13455	Svartamýri	heimild	álagablettur		800	1900	ómetið			0.0	0.0	447670	581531
11	13456		garðlag	nátthagi		1500	1800	greinanleg		engin hætt	0.4	0.7	447315	581552
12	13457		tóft	óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætt	0.3	0.7	447312	581552
13	13458		tóft	stekkur		1700	1900	vel greinanleg		engin hætt	0.3	0.6	447269	581531
14	13459		þúst	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætt	0.0	0.4	447258	581533
15	13460		gata	leið	hleðsla	800	1950	greinanleg		engin hætt	0.0	0.7	447600	581414
16	13461		varða	óþekkt		1800	2000	vel greinanleg		engin hætt	0.0	0.3	447305	581751
17	13462		varða	óþekkt		1700	1900	heillegar		engin hætt	0.0	0.5	447256	581737
18	13463		varða	óþekkt		1800	1950	heillegar		engin hætt	0.0	0.7	446969	582243
19	13464	Draflastaðir	tóft	óþekkt	útihús	1500	1800	greinanleg		engin hætt	0.2	0.3	448267	583724
20	13465	Draflastaðir	þúst	óþekkt		1500	1900	illgreinanleg		engin hætt	0.2	0.3	448263	583732
21	13466	Draflastaðir	niðurgröftur	óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hætt	0.0	0.7	448300	583670
22	13468		þúst	óþekkt	mótóft/heystæði	1800	2000	vel greinanleg		engin hætt	0.4	0.5	448687	581281
23	13469		heimild	rétt		1800	1957	sést ekki	vegagerð		0.0	0.0	448260	581245
24	13469		heimild	samgöngubót		0	1950	Sést ekki			0.0	0.0	447820	581346

Balaskarð hnitaskrá

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	veggh frá	veggh til	Austun	Norðun
1	13830	Balaskarð	heimild		híbýli		800	1900	sést ekki	niðurrifs			0,0	0,0	449637	580978
2	13831	Gamli-kjallarinn	hús		híbýli		1850	1900	heillegar		engin hætta		0,0	1,0	449624	580990
3	13832	Efrigarður	matjurtagarður	trjá-garður	heimild		1800	1900	sést ekki	ræktunar			0,0	0,0	449618	580978
4	13833		heimild		heimreið		800	1950	sést ekki	bygginga, sléttunar			0,0	0,0	449614	580963
5	13834		tóftaleifar		fjós		1850	1950	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta		0,0	1,0	449640	580980
6	13835	Skálinn	tóftaleifar		skemma		1850	1950	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta		0,0	1,0	449640	580977
7	13836		tóftaleifar		hesthús		1850	1950	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta		0,0	1,0	449640	580978
8	13837		tóft		fjárhús		1800	1950	greinanleg		engin hætta		0,2	0,6	449713	580929
9	13838		hleðsla		fjárhús		1800	1900	illgreinanleg	ekki vitað			0,0	0,0	449561	580997
10	13839	Brekkuhús	tóft		fjárhús		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	1,7	449603	581087
11	13840	Hóllinn Litli-Melur	hóll		leikvöllur		800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	449555	581085
12	13841		tóft		óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,8	449590	581056
13	13842		niðurgröftur		mógröf		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,0	449550	581251
14	13843		þúst		mótóft		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,2	449544	581227
15	13844		þúst		mótóft		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	449543	581261
16	13845		tóft		óþekkt	heyttóft/mótóft	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	449544	581307
17	13846		tóft		óþekkt		800	1800	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5	449523	581288
18	13847		tóft		óþekkt	heyttóft	1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,6	449237	581114
19	13848		tóft		óþekkt	heyttóft	1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	449308	581122
20	13849		tóft		óþekkt	heyttóft/torfburrkun	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	449158	581221
21	13850	Torfmelur/Torfholt	heimild		torfburrkunar-staður		800	1900	ómetið		engin hætta		0,0	0,0	449077	581262
22	13851	Vörðumelur	varða		óþekkt	kennimark	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,1	449288	581232
23	13852		tóft		óþekkt		1700	1950	greinanleg		engin hætta		0,5	0,6	448851	581067
24	13853		tóft		óþekkt	heyttóft	800	1800	greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	448893	580989
25	13854		tóft	þúst	heyttóft		1800	1950	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	449116	580957
26	13855		garðlag		áveita		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	449218	580915

Balaskarð hnitaskrá

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	veggh frá	veggh til	Austun	Norðun
27	13856		garðlag		áveita		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	449189	580904
28	13857		garðlag		rétt		1800	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0,0	0,6	449338	580736
29	13858	Undireyrar- barð	heimild		álagablettur		800	1900	ómetið		engin hætta		0,0	0,0	449612	580716
30	13859		garðlag		óþekkt	varnargarður	1500	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	449733	580565
31	13860	Hóllinn	heimild		öskuhóll		800	1950	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	449644	580988
32	13861		tóft		stekkur		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,6	449622	581381
33	13862		niðurgröftur		mógröf		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,5	449934	581406
34	13863		tóft		mótóft		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,3	449937	581438
35	13864		tóft		mótóft		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	449849	581397
36	13865		tóft		óþekkt	mótóft	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	449879	581311
37	13866		þúst	óþekkt	þúst		800	1900	illgreinanleg		Engin hætta		0,0	0,2	449865	581279
38	13867		niðurgröftur		mógröf		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,7	450166	581382
39	13868		tóft		stekkur		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,6	450420	581293
40	13869		tóft		óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	449670	581099
41	13870		tóft		óþekkt		800	1700	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	449670	581095
42	13871		hóll		óþekkt		800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	449605	580860
43	13872		hóll		óþekkt		800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,5	0,6	449583	580853
44	13873		heimild	dældir	óþekkt		800	1900	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	449685	580741

Fornleifar í Skrapatungu

N



Draflastaðir 19-20
21

Neðstibær

Njálstaðir

Norðura

18

17 16

Skrapatunga

7 6

13-14 11-12

10 5 4

15 24 9 1-3

23

22

Balaskarð

Laxá

0 500 1.000 1.500 m



Fornleifar í landi Balaskarðs



Skrapatunga

23

24

25

27

26

Laxá

28

29

44

30

Mánaskál

Balaskarð

42

43

8

2

3

1, 5-7

31

12

10

40-41

11

9

4

15

16

17

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31

32

33

34

35

36

37

38

39

0 100 200 300 400 500 m

